



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 7. september 2021

Til skóla og hagsmunaaðila skólasamfélagsins

Kynheilbrigði og virkar ofbeldisforvarnir

Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra skilaði nýlega tillögum sínum um markvissari kennslu um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum. Í skýrslu hópsins sem fylgir hér með í viðhengi er fjallað um hugmyndafræði kynheilbrigðis og alhliða kynfræðslu, lagalega skyldu og samþykktir en jafnframt um aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla.

Með bréfi þessu er vakin athygli á skýrslunni og stjórnendur skóla og hagsmunaaðilar hvattir til þess að ræða hana á sínum vettvangi og nýta til að efla umræðu og aðgerðir í skólasamfélaginu. Ráðuneytið telur mikilvægt að innan hvers skóla sé til viðbragðsáætlun til að taka á því þegar upp kemur kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi innan skólanna. Mikilvægt er að rödd nemenda heyrist og sjónarmið þeirra komi fram varðandi útfærslu slíkrar áætlunar.

Sterkan samhljóm má finna í tillögum hópsins með ýmsum áherslusviðum og aðgerðum sem þegar eru í deiglunni, m.a. vegna vinnu við aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu. Þá vekur mennta- og menningarmálaráðuneyti athygli á aðgerðum í tengslum við þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025. Í tengslum við hana hefur verið ráðinn ritstjóri hjá Menntamálastofnun sem hefur það hlutverk m.a. að byggja upp þekkingu á námsefnisgerð sem styður forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, þar á meðal gerð námsefnis í jafnréttis- og kynjafræðum. Eitt af markmiðunum er að leik-, grunn-, - og framhaldsskólar hafi aðgang að vönduðu námsefni sem stuðli að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem verði aðgengilegt á einum stað og merkt sérstaklega í leitarbrunni á vefsvæði Menntamálastofnunar og öllum opið og frjálst til notkunar. Í þessu samhengi má nefna að búið er að ganga til samninga við sérfræðinga á þessu sviði um námsefnisgerðina.

Það er von mín og vissa að sú vitundarvakning sem á sér stað um þessar mundir í samfélaginu muni skila sér í skólastarfið.

Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra